

## Hljóðbækur á lærdómsöld

### Misjafnar vinsældir húslestrarbóka Gísla Þorlákssonar og Jóns Vídalíns

Skúli S. Ólafsson, prestur í Neskirkju og doktor í guðfræði

#### Inngangur

Bækur fá misjafna dóma og fyrir því kunna að vera margar ástæður. Boðskapurinn er misheillandi, uppbyggingin og framsetning efnis getur verið af ólíkum gæðum. Í þessari grein er fjallað um tvær bækur sem eru hluti af ákveðinni bókmenntagrein. Þetta eru postillur. Sú fyrri er kennd við Gísla biskup Þorláksson (1631–1684), *Gíslapostilla*, sem kom út frá 1665 til 1670.<sup>1</sup> Jón biskup Vídalín (1666–1720) samdi þá síðari og er hún jafnan kölluð *Vídalínspostilla* og hún kom út á tímabilinu 1718–1720.<sup>2</sup> Postillur voru predikunarsöfn sem lesið var upp úr þegar fólk komst ekki til messu á helgum dögum.<sup>3</sup> Líta má á þessar tvær bækur sem dæmi um tvær stefnur í guðfræði. *Gíslapostilla* er fulltrúi rétttrúnaðarins eins og hann er jafnan nefndur.<sup>4</sup> Hér er því svo haldið fram að *Vídalínspostilla* sé afsprengi heittrúnaðar, eða píetisma, og hafi í raun rutt þeirri hugmyndafræði braut á Íslandi áður en stefnan tók að móta stjórnsýslu og löggjöf.<sup>5</sup> Þessar tvær bækur, *Gíslapostilla* og *Vídalínspostilla*, hlutu ólíkar viðtökur og hér verður leitast við að svara

<sup>1</sup> Gísli Þorláksson, *Hús postilla: Það er skýr og einföld útlekking yfir öll sunnudaga- og hátíða guðspjöll sem frá aðventu sunnudegi til sunnudagsins fyrsta í föstu plaga árlega að útleggjast og framsetjast. Góðum, guðhræddum mönnum til gangs og þénustu*, Hólum í Hjaltadal: 1665–1667.

<sup>2</sup> Jón Vídalín, *Vídalínspostilla: Hússpostilla eður einfaldar predikanir yfir öll hátíða- og sunnudagaguðspjöll árið um kring*, Gunnar Kristjánsson og Mörður Árnason sáu um útgáfuna, Reykjavík: Mál og menning/Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands 1995.

<sup>3</sup> Gunnar Kristjánsson, „Inngangur“, *Vídalínspostilla: Hússpostilla eður einfaldar predikanir yfir öll hátíða- og sunnudagaguðspjöll árið um kring*, Gunnar Kristjánsson og Mörður Árnason sáu um útgáfuna, Reykjavík: Mál og menning/Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1995, bls. xiii–c, hér bls. xxxviii.

<sup>4</sup> Um, rétttrúnaðinn (*orthodoxie*), sjá: Markus Matthias, „Orthodoxie I. Lutherische Orthodoxie“, *Theologische Realenzyklopädie* XXV, Berlin & New York: De Gruyter 2001, bls. 466.

<sup>5</sup> Um heittrúnaðinn (*pietismus*), sjá: Martin Brecht, „Pietismus“, *Theologische Realenzyklopädie* XXVII, Berlin & New York: De Gruyter 2003, bls. 898–899.

hvers vegna sú varð raunin. Báðar koma þær fram á þeim gróskumikla tíma sem kenndur er við lærdómsöld. Þá var bókaútgáfa öflug og virðing fyrir lærðum mönnum rík meðal Íslendinga. Engu að síður er kenning mín sú að misjafnar vinsældir þessara rita megi að miklu leyti rekja til ólíkra guðfræðistefna sem gerðu mismiklar kröfur til höfunda og framsetningar efnisins. Eins og nafn þessarar greinar minnar ber með sér voru þessar bækur jafnframt „hljóðbækur“. Þær voru lesnar upphátt og það hefur skipt máli hvað varðar þau áhrif sem bækurnar höfðu. Nýlunda þessarar rannsóknar felst í samanburði slíkra rita auk þess sem mikið vantar upp á að ýtarlega sé fjallað um postillur í íslenskum fræðiritum.

### Húslestrarbækur

Með siðaskiptunum fór vegur hins boðaða orðs vaxandi. Lúther gaf tóninn í einni af greinunum 95 sem hann festi upp á kirkjudyrrnar í Wittenberg 1517 þar sem segir: „Hinn sanni fjársjóður kirkjunnar er hið allrahelgasta fagnaðarerindi um dýrð og náð Guðs.“<sup>6</sup> Sakramentin sjö og embættismannakerfið höfðu verið í forgrunni í starfi Rómakirkjunnar en þess í stað byggði sú evangelíska á hinu boðaða orði og kenndi að fyrir tilstilli þess starfaði heilagur andi. Predikunin var því hafin til vegs og virðingar og samkvæmt fimmtu grein Ágsborgarjátningarinnar átti kirkjan að miðla þessu orði.<sup>7</sup> Það gerði hún í gegnum predikunina á sama hátt og Kristur talaði til fólksins á sínum tíma.

Allt frá siðaskiptum og fram á 19. öld bar fólki skylda til þess að sækja sína sóknarkirkju reglulega eftir því sem auðið var og hlýða þar á stólræðu prestsins.<sup>8</sup> Til marks um þetta tók innra rými kirkjunnar breytingum í kjölfar siðaskiptanna með predikunarstól sem jafnan var hafður sunnan megin í kirkjuskipinu og ljósop í rjáfri eða vegg svo prestur gæti lesið textann.<sup>9</sup> Þau sem

<sup>6</sup> Tesa nr. 62, Marteinn Lúther, „Greinarnar 95: 1517“, *Marteinn Lúther: Úrval rita* 1. Gunnar Kristjánsson þýddi og bjó til útgáfu, Reykjavík: Skálholtsútgáfan 2017, bls. 33–41, hér bls. 38.

<sup>7</sup> Einar Sigurbjörnsson, *Kirkjan játar: Saga og mótun kristinna trúarjátninga og yfirlit yfir helstu kirkjudeildir kristinnar. Játningarrit íslensku þjóðkirkjunnar með skýringum*, Reykjavík: Skálholt 1991, bls. 183.

<sup>8</sup> Messuskylda var ekki afnumin á Íslandi fyrr en árið 1855, sjá *Lovsamling for Island: Indeholdende Udvalg af de vigtigste ældre og nyere Love og Anordninger, Resolutioner, Instruktioner og Reglementer, Althindsdomme og Vedtægter, Kollegial-Breve, Fundatser og Gavebreve, samt andre Aktstykker til Oplysning om Islands Retsforhold og Administration i ældre og nyere Tider* XVI Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson tóku saman, Kaupmannahöfn: Hilmar Stephensen og Ólafur Halldórsson 1855–1856, bls. 79 og 83.

<sup>9</sup> Guðrún Harðardóttir, „Innanbúnaður kirkna á fyrstu öldum eftir siðaskipti“, *Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2017, bls 195–214, hér bls. 195–196; Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, *Íslensk þjóðmenning* 5. *Trúarhættir*, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík: Þjóðsaga 1988, bls. 75–339, hér bls. 135–137. Sjá einnig Arne Brugge Amundsen, „Konstruktion av minne og identitet: Kirkehuset som arena 1500–1800“, *Mellem Gud og*

komust ekki til messu hlýddu á predikun dagsins úr postillum, þar sem lagt var út af guðspjalli hvers helgidags. Sá lestur hófst allajafna á messutíma um morguninn og hann fór fram á þeim dögum þegar veraldleg vinna átti að vera í lágmarki. Stundin hefur verið hátíðleg, með sálmasöng og henni helgaður nokkur tími.<sup>10</sup> Húslestur lagðist af í lok 19. aldar vegna breyttra samfélagshátta. Sveitabærinn var umgjörð lestursins en með þéttbýlismyndun og síðar útvarpinu dró úr þessum sið ásamt annarri heimilisguðrækni.<sup>11</sup>

Orðið „postilla“ er dregið af upphafi latnesku setningarinnar: „*post illa verba textus*“, sem útleggst: „Eftir þessum orðum textans“, og vísar til orðanna sem flutt voru í framhaldi af lestri guðspjallsins.<sup>12</sup> Slík rit hafa ekki fengið mikla umfjöllun í seinni tíð. Má nefna að í öðru bindi *Íslenskrar bókmenntasögu* segir Böðvar Guðmundsson að eftir postillu Corvinus frá 1546, hafi hver postillan rekið aðra og hafi þær ýmist verið „þýddar úr þýsku, dönsku eða ensku í hálföld þangað til Íslendingar fengu postillu eftir íslenskan höfund. Það var sonarsonur Arngríms lærða, Jón Þorkelsson Vídalín (1666–1720), sem hana samdi [...]“. Hann getur þess svo að *Vídalínspostilla* sé ekki frumleg smíð heldur sé hún byggð á erlendum ritum.<sup>13</sup> Hér hefur ekki verið lögð mikil vinna við að rýna í staðreyndir. Almennt hafa fræðimenn haft lítinn áhuga á þessari bókmenntagreini sem er miður því hún er á margan hátt áhugaverður spegill á samtíma sinn.

Fyrsta postillan, sem út kom hér á landi, var eftir þýska höfundinn Antonius Corvinus (1501–1553), og kom hún út 1546. Þegar *Vídalínspostilla* var fyrst prentuð, árið 1718 voru því rúm 150 ár liðin frá því að fyrstu bækur þessarar gerðar komu út á íslensku. Það var til marks um vægi predikunarinnar í lútherskum sið, að *Corvinspostilla* kom út mitt í umróti siðaskiptanna á Íslandi.<sup>14</sup> Hún var gefin út í Rostock og var hugsuð til leiðbeiningar fyrir presta sem nú áttu að predika samkvæmt hinni nýju boðun. Oddur Gottskálksson (1514/15–1556) þýddi verkið en ritið

---

*Djævelen: Religiøse og magiske verdensbilleder i Norden 1500–1800*, ritstj. Hanne Sanders, Kaupmannahöfn: Nordisk Ministerråd 2001, bls. 41–56.

<sup>10</sup> Magnús Gíslason, *Kvállsvaka: En isländsk kulturtradition belyst genom studier i bondebefolkningens vardagsliv och miljö under senare hälften av 1800-talet och början av 1900-talet*, Uppsalar og Stokkhólmur: Uppsala universitet/Almqvist & Wiksell, bls. 119.

<sup>11</sup> Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, *Til móts við nútímann. Kristni á Íslandi* 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi 2000, bls. 9–195, hér bls. 111.

<sup>12</sup> Sjá t.d. Gunnar Kristjánsson, „Inngangur“, bls. xxxviii.

<sup>13</sup> Böðvar Guðmundsson, „Nýir siðir og nýir lærdómar – bókmenntir 1550–1750“, *Íslensk bókmenntasaga* 2, ritstj. Vésteinn Ólason, Reykjavík: Mál og menning 1993, bls. 379–521, hér bls. 514–515.

<sup>14</sup> Fullur titill er: *Kristileg handbók og lítið sálmakver: Postilla. Stuttar útskýringar þeirra Guðspjalla sem á öllum sunnudögum kringum árið predikuð verða. Samsettar fyrir fátæka sóknarpresta og húsbændur*, Rostock: 1546.

kom fram á sjónarsviðið árið 1535 í Wittenberg og var þá skrifað á háþýsku. Postilla þessi fór víða í ýmsum þýðingum, þar á meðal danskri, enskri, tékkneskri, litháískri og pólskri þýðingu.<sup>15</sup> Sams konar rit kennt við Guðbrand biskup Þorláksson (1542–1627) var næst í röð bóka af þessum toga sem kom út á íslensku. Það var árið 1597 og er yfirskriftin *Ein ný húspostilla*.<sup>16</sup> Af nafninu að dæma var hún því hugsuð til heimanotkunar en efnistökur voru þó knappari en síðar áttí eftir að verða sem bendir til að hún hafi líklega fremur nýst við prestum er þeir sömdu predikanir. Vinur Guðbrands, séra Einar Sigurðsson í Eyðölum (1539–1626), orti vísu í upphafi hverrar predikunar.<sup>17</sup> Tilgangur þess kann að hafa verið að laga efnið meir að smekk alþýðu, en rímur og annar kveðskapur var gjarnan lesinn á kvöldvökum.<sup>18</sup> Postilla kennd við Andreas Pangratius (1529/31–1576) kom svo út árið 1637 í þýðingu Guðbrands biskups og var hún knöpp í sniðum. Hún var endurútgefin 1676.<sup>19</sup>

### Gíslapostilla

Þessi rit voru því aðgengileg prestum og öðrum lesendum þegar Gísli biskup Þorláksson sendi frá sér sína húslestrarbók. Gísli var af einni völdugustu klerkaætt á Íslandi. Hann var sonur Þorláks biskups Skúlasonar (1628–1655) sem var dóttursonur Guðbrands Þorlákssonar. Gísli var sá síðasti í þeim hópi er sat á Hólum og hafði yfirráð yfir prentverkinu.<sup>20</sup> Jafnan var fjallað um hann í tengslum við ætternið en hann þótti vera eftirbátur föður síns og langafa. Hann var sagður friðsæll en lítill afreksmaður. Átján ára gamall hélt hann til Kaupmannahafnar og las guðfræði. Hann sneri heim árið 1652 að loknu þriggja ára námi og gerðist rektor skólans á Hólum. Hann var svo skipaður Hólabiskup árið 1656 og tók við af föður sínum. Jón Halldórsson (1665–1736) segir í biskupasögum sínum að þar hafi Gísli notið velvildar manna í garð föður hans og langafa enda einsdæmi að 25 ára gömlum manni hlotnaðist slík vegtylla. Kóngur á líka að hafa spurt eftir

<sup>15</sup> Skúli S. Ólafsson, „Påskpredikan i Island fra reformation til pietisme“, *Från reformation till nutid: Luthersk påskpredikan i Norden* 1, ritstj. Sven-Åke Selander, Kaupmannahöfn: Nordisk Ministerråd 2001, bls. 265-288, hér bls. 266-268.

<sup>16</sup> Guðbrandur Þorláksson, *Ein ný húspostilla: Það er guðspjöll og pistlar árið um kring, með stuttu innihaldi og lítilli orða útlekkingu fyrir ungdóminn og almúgafólk með nokkrum kristilegum bænnum af hverju Guðspjalli. Saman tekið og lesið úr lærðra manna bókum og postillum*, Hólum í Hjaltadal 1597.

<sup>17</sup> Skúli S. Ólafsson, „Påskpredikan i Island fra reformation til pietisme“, bls. 275.

<sup>18</sup> Magnús Gíslason, *Kvállsvaka*, bls. 100.

<sup>19</sup> Andres Pangratius, *Postilla: Það er einföld, skýr og stutt útlekking yfir þau evangelia sem venjulega kennd verða í kirkjusöfnuðinum á sérhverjum Drottins degi og öðrum löghelgum árið í kring*. Guðbrandur Þorláksson þýddi, Hólum í Hjaltadal 1632. *Deutsche Biographie* tekið af vef: <https://www.deutsche-biographie.de/sfz93738.html>.

<sup>20</sup> Sjá, Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar. Kristni á Íslandi* 3, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi 2000, bls. 126.

að hafa yfirheyrt hann að undangenginni biskupsvígslu, hvort þessi væri virkilega sá lærðasti á Íslandi. Hendrik Bjelke (1615–1683) höfuðsmaður kom honum til varnar og Gísli hlaut vígsluna.<sup>21</sup> Kunningskapur hefur verið á milli þeirra og í inngangi vísar Gísli til samtals sem hann átti við Bjelke á Kópavogsfundinum 1662. Þá hafði sá síðarnefndi hvatt biskupinn til að þýða postillu Brochmands (1585–1652) Sjálandsbiskups og gefa út hérlendis. Gísli mun ekki hafa talið sér fært að ráðast í það verk, til þess hefði postillan verið of umfangsmikil en gaf þess í stað út slíkt rit í eigin nafni.<sup>22</sup>

*Gíslapostilla* var þó stærsta verk sinnar tegundar sem þá hafði komið út hérlendis. Hún var prentuð í þrennu lagi. Fyrsti hlutinn, árið 1665, annar 1667 og svo þriðji hlutinn, 1670. Venjan var að gefa vetrarpartinn fyrst út (frá fyrsta sunnudegi í aðventu til páska) og svo í framhaldi, sumarpartinn (frá fyrsta sunnudegi eftir páska til síðasta sunnudags eftir þrenningarhátíð). Vegna bágs ástands prentverksins var vetrarparturinn prentaður í tvennu lagi.<sup>23</sup> *Gíslapostilla* hafði yfirburðarstöðu hvað útbreiðslu varðaði í hálfu öld fram að útgáfu *Vídalinspostillu* 1718/20. Þær standa því ekki of langt hvor frá annarri og eru álíka að stærð og umfangi, sem býður heim samanburði á þessum tveimur ritum. *Gíslapostilla* vakti talsverða athygli en ekki voru allir sáttir við efnistöð hans unga biskups.

Sjálfur virðist Gísli hafa spáð fyrir um að viðtökur yrðu ekki allar góðar. Í inngangi að fyrstu útgáfu ritsins segir hann: „En sé svo að maður skrifi eður láti nokkuð gott eftir sig liggja þá er Andskotinn eigi seinna til reiðu með banvænar tungur fullar af baktali og lastmælum með hverjum hann geti forhindrað það sem gott er svo það komi sem fæstum til gangs og góðra nota.“<sup>24</sup> Hann segist jafnframt óska þess að þetta erfiði sitt verði ekki til þess að sóknarbörn hætti að sækja sína sóknarkirkju og heyra góðar og guðrækilegar kenningar presta. Markmið útgáfunnar sé að Guðs orð mætti „sem réttulegast byggja á meðal vor.“ Þá lýsir Gísli þeim ótta að einhverjum muni þykja, „þetta mitt erfiði að litlu virða“, og vísar hann í því sambandi til,

<sup>21</sup> Jón Halldórsson, *Hólabiskupar 1550–1798: Biskupasögur Jóns prófests Halldórssonar í Hítardal. Með viðbæti 2*, Jón Þorkelsson, Hannes Þorsteinsson ofl. tóku saman, Reykjavík: Sögufélag 1911–1915, bls. 108–110.

<sup>22</sup> Gísli Þorláksson, „Til lesarans“, *Hús postilla: Það er skýr og einföld útlekking yfir öll sunnudaga og hátíða guðspjöll sem frá aðventu sunnudegi til sunnudagsins fyrsta í föstu plaga árlega að útleggjast og framsetjast. Góðum, guðhræddum mönnum til gangs og þénustu*, Hólum í Hjaltadal: 1665–1667, bls. A.2. Jón Helgason, *Jón Vídalín – Im memoriam ducentenariam – 1666–1720–1920: Synódus erindi eftir dr. theol. Jón Helgason biskup*. Sérprent úr Prestafélagsritinu, Reykjavík: s.n. 1920, bls. 21–22.

<sup>23</sup> Baldur Jónsson, „Guðspjöll og pistlar í Vídalinspostillu“, *Afmælisrit til dr. phil. Steingríms J. Þorsteinssonar prófessors*, 2. júlí 1971, Reykjavík: Leiftur 1971, bls. 28–41, hér bls. 39.

<sup>24</sup> Gísli Þorláksson, „Til lesarans“, bls. A.7.

„guðlausra og athugalausra drengja sem lítið eður ekkert láta sér verða umhugað um sín sálhjálpur efni.“ Hann hefur grunað að hann eigi eftir að hljóta, „ein og önnur lastmæli sem margir hverjir tilleggja sínum náunga.“ Hann segist þó ekki munu láta það hafa áhrif á sig: „en þetta akta ég að engu ef nokkrir verða mega hvers ég vil þó ekki til geta.“<sup>25</sup>

Af þessum orðum að dæma hefur hann átt von á hinu versta frá lesendum sínum en vart er að finna sambærileg dæmi í aðfaraorðum að útgefnum ritum. Gísli biður Guð um að vernda sig fyrir illu umtali. Margt bendir til að þar hafi hann reynst sannspár. Dómar um *Gíslapostillu* snerust einkum um það hvaðan Gísli á að hafa sótt sér efnivið í ritið. Jón Halldórsson heldur því fram að síðari hluti postillunnar sé út dreginn og útlagður út af postillu Hartmanns Creidius (1606–1656) sem kom út í Frankfurt í Þýskalandi á árunum 1646–1649. Hann getur þess og að margir eignu Þorláki, föður Gísla, sumar predikanirnar.<sup>26</sup> Jón Grunnvíkingur (1705–1779) á og að hafa vænt Gísla um líkar sakir og hefur það eftir Páli Vídalín (1667–1727) að tildrög postillunnar hafi verið uppkast, Þorláks föður hans að postillu. Finnur Jónsson (1704–1789) segir Gísla hafa sótt í sjóði Páls Gerhards (1607–1676).<sup>27</sup> Arne Møller (1876–1947) heldur því fram í riti sínu um postillu Jóns Vídalín frá 1929 að *Gíslapostilla* sé í raun útdráttur úr postillu Brochmands.<sup>28</sup>

*Gíslapostilla* hlaut því blendin viðbrögð. Björn biskup Þorleifsson (1663–1710) gaf ritið út að nýju á árunum 1704 og 1706. Hann tilgreindi ástæðu þess að ráðist var í endurútgáfuna með þessum orðum: „læt ég mér sjálfsagt heimsent umtal um að breyta ei því er betur má fara lét því þessa elskuðu og alkenndu bók undir þrykk leggja.“ Ætla má að hann hafi setið undir þeim þrýstingi að breyta ritinu á milli útgáfna en hafi látið það ógert. Hann afsakar sig jafnframt fyrir að hafa ekki lofað verkið sem skyldi. Hann segir að postillan beri í raun sjálfri sér best vitni. Björn segist óska þess að lesendur elski postilluna jafn heitt og hjartað og að hún megi verða „vor hjarta postilla“. Hann sér ástæðu til að taka fram að Gísli sé ótvírætt sjálfur höfundur að verkinu. Í framhaldi af því segir hann: „Og þó [Gísli] af stórrí ástundun Guðs safnaðar uppbyggingar leitaði ekki lofdýrðar sjálfs síns með djúpfundnum orðum (sem hann þó af h. anda yfirfljótanlega upplýstur var) þá hefur hann þó að skilningi mínum þann rétta veg til

<sup>25</sup> Gísli Þorláksson, „Til lesarans“, bls. A.7.

<sup>26</sup> Jón Halldórsson, *Hólabiskupar*, bls. 120. Um postillu Creidius, sjá John M. Frymire, *The Primary of the Postils: Catholics, Protestants and the Dissemination of Ideas in Early Modern Germany*, Leiden og Boston: Brill 2009, bls. 522.

<sup>27</sup> Sjá, Páll Eggert Ólason, *Seytjándi öld. Saga Íslendinga 5*, Reykjavík: Menntamálaráð og Þjóðvinafélag 1942, bls. 242; Jón Helgason, *Íslands kirke fra reformationen til vore dage: En historisk fremstilling*, Kaupmannahöfn: Gad 1922, bls. 22.

<sup>28</sup> Arne M. Møller, *Jón Vídalín og hans postil*, Odense: Hempelske boghandel 1929, bls. 91–95.

almennilegrar nytsemdar skenkt og eftir sig látið.<sup>29</sup>

Slíka andagift var bersýnilega ekki að finna á síðum postillunnar og fyrir því kunna að vera fleiri ástæður en litlir burðir höfundarins. Ef það er rétt sem gagnrýnendur héldu fram að predikanir *Gíslapostillu* væru samtíningur úr ýmsum áttum ber enn fremur að líta á hana sem fulltrúa þeirrar stefnu sem ríkti á þeim tíma þegar hún varrituð. Hún kemur út á þeim tíma sem kenndur er við hárétttrúnað en einnig má tala um *konfessionella* tímabilið. Þar er vísað til þeirrar hugmyndar sem lögð var til grundvallar eftir Ágbsborgarfríðinn 1555 sem svo var áréttað í kjölfar fríðarins í Westfalen 1648 að þjóðin innan hvers landsvæðis aðhyllist þær játningar sem furstinn viðurkenndi sem kennt var við regluna, „hvers landsvæði, hans átrúnaður“ (*cuius regio eius religio*). Konungur stýrði jafnframt skipulagi kirkjunnar, helgisíðum og öðrum þáttum í starfsemi hennar.<sup>30</sup> Ríkið hafði samkvæmt þessu trúarlega skilgreiningu og hin „rétt trú“ tók mið af afstöðu konungs. Postilla Gísla var skrifuð á þeim tíma þegar sá skilningur var ríkjandi. Fyrir vikið var það hlutverk predikara að uppfæra og tryggja hollustu yfir yfirvöld fremur en að hamra á persónulegri afstöðu og trúarsannfæringu. Tök höfundar á guðspjöllunum gefa vísbendingu um félagslegan og trúfæðilegan boðskap sem kirkjan flutti á þessum tíma. Sjálfur sagði Gísli í inngangi: „Með því mér hefi virðst og í sannri raun einnig reynt að allt sem í vorum trúargreinum og höfuð articulis framsett verður kunni heim að færast til sérhvers Guðspjalls og þess útlekkingar sé það annars með góðri skynsemi og athugasemi gjört.“<sup>31</sup>

Markmið *Gíslapostillu* eru hér orðuð, hugmyndin var að tengja guðspjöllin við játningar lútherskrar kirkju með „góðri skynsemi“. Í þeim anda var unnið með aðferðum sundurgreinandi, eða analýtískrar trúfræði. Játningar voru flokkaðar niður með aðferðafræði Aristótelesar sem lá til grundvallar skólaspeki miðalda. Með því móti var kenningum kirkjunnar miðlað til almennings.<sup>32</sup> Þá báru predikanir þess merki að predikarinn var embættismaður konungs og

<sup>29</sup> Björn Þorleifsson, „Til lesarans“, *Húspostilla: Það er skýr og einföld útbýðing yfir öll sunnudaga og hátíða evangelia sem árið um kring kennd og predikuð verða í kristilegri kirkju. Í hverri framsetjast lærdómar, hugganir og áminningar út af sérhverju guðspjalli, Guði eilífum fyrst og fremst til æru, dýrðar og vegsemdar en góðum og frómum Guðs börnum hér í landi sem hana iðka vilja til sálargagns og nytsemdar. Fyrri parturinn: frá adventu til trinitatis sunnudags*, Hólum í Hjaltadal 1706, bls. A.3

<sup>30</sup> Sjá, Hjalti Hugason, „Einveldið og biskupar á dögum Brynjólfs Sveinssonar“, *Brynjólfur biskup: Kirkjuhöfðingi, fræðimaður og skáld: Safn ritgerða í tilefni af 400 ára afmæli Brynjólfs Sveinssonar 14. september 2005*, ritstj. Jón Pálsson, Sigurður Pétursson og Torfi H. Tulinius, Reykjavík: Háskólaútgáfan 2006, bls. 161–180, hér, bls. 162 og 170–171

<sup>31</sup> Gísli Þorláksson, „Til lesarans“, bls. A.8.

<sup>32</sup> Um þá aðferðafræði, sjá Georg Hoffmann, „Protestantischer Barock: Erwägungen zur geschichtlichen und theologischen Einordnung der lutherischen Othodoxie“, *Kerygma und Dogma* 36/1990, bls. 156–178.

hlutverk hans var að hvetja þegnana til hollustu við sitt yfirvald. Þetta má meðal annars sjá í predikun á jólanóttina þegar Gísli talar um þá blessun sem Maríu og Jósef hlotnaðist. Hann setur hana í samband við „hlýðni og undirgefni við sitt yfirvald” og segir svo litlu síðar: „Ekki er þetta lítil virðing veitt þeim sem yfirvaldinu hlýðni sýna.”<sup>33</sup> Hér má því greina sterk merki ofangreindra hugmynda um það hvernig konungsvaldið rann saman við hina trúarlegu sjálfsmynd þegnanna. Túlkun biskupsins á jólaguðspjallinu ber þess meðal annars merki.

### Vídalínspostilla

Jón biskup Vídalín fæddist að Görðum á Álftanesi árið 1666. Faðir hans, Þorkell Arngrímsson (1629–1677) var sonur Arngríms lærða (1568–1648) og móðir hans Margrét Þorsteinsdóttir var dóttir séra Þorsteins Jónssonar, Þorsteinssonar (1570–1627) píslarvottar frá Tyrkjaráninu 1627.<sup>34</sup> Hann hóf nám við Skálholtsskóla árið 1679 og komu hæfileikar hans snemma í ljós einkum á sviði predikunar. Árið 1687 hélt hann til náms við Kaupmannahafnarháskóla og las guðfræði þar í tvö ár. Meðal kennara hans voru þeir Hector Gotfried Masius (1653–1709) og Johan Lassenius (1632–1692) en þeir aðhylltust báðir hugmyndir píetismans og kynntu hann nemendum sínum.<sup>35</sup>

Þetta voru umbrotatímar. Friðrik fjórði Danakonungur var þá við völd en hann var mikill talsmaður þessara sjónarmiða þar sem lagt var kapp á endurfæðingu kristinna manna og að kirkjan sé samfélag trúaðra fremur en stofnun. Hin píetísku áhrif birtust meðal annars í því að minna fór fyrir ágreiningi við aðrar kirkjudeildir. Þá voru ýmis guðfræðirit, sem ekki tilheyrðu lútherskri kristni, þýdd og gefin út.<sup>36</sup> Má þar nefna ensku bókina, *The Practice of Christian Grace: Or the Whole Duty of Man Laid down in a Plain and Familiar Way*, sem kom út 1658, en án nafgreinds höfundar. Jón þýddi ritið á íslensku og var fyrri hluti þess gefinn út árið 1732, tólf árum eftir andlát Jóns, undir heitinu: *Skylda mannsins við Guð, sjálfan sig og náungann*. Seinni hlutinn kom út 1738 og hét hann: *Guðrækilegar bænir*. Bókin var endurútgefin árið 1744 með inngangi eftir Ludvig Harboe (1709–1783), upphafsmann píetismans á Íslandi.<sup>37</sup> Ritið má rekja

<sup>33</sup> Gísli Þorláksson, *Hús postilla*, bls. F2–F3.

<sup>34</sup> Jón Helgason, *Íslands kirke fra reformationen til vore dage*, bls. 70.

<sup>35</sup> Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár. Frá landnáms tímum til ársloka 1940* 3, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1950, bls. 296. Um þessa tvo höfunda, sjá: Jens Glebe-Møller, „Det teologiske fakultet 1597–1732“, *Det teologiske fakultet. Københavns Universitet 1479–1979* 5, ritstj. Leif Grane, Kaupmannahöfn: Københavns Universitet/Gad 1980, bls. 93–212, hér bls. 113–114 og 179.

<sup>36</sup> Slík rit voru reyndar gefin út í talsverðum mæli eftir siðaskiptin. Sjá, Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, „*elska Guð og biðja*”: *Guðræknibókmenntir á Íslandi á lærdómsöld*, Reykjavík: Flateyjarútgáfan 2015, bls. 13.

<sup>37</sup> *Skylda mannsins við Guð, sjálfan sig, og Náungann: Augljóslega og skilmerkilega framsett fyrir alla, En þó*



til safnaðar púritana og byggði á annarri kirkjusýn en tíðkaðist innan hárétttrúnaðar. Nú var ekki lengur litið á kristna trú með vísan til landamæra ríkisins heldur beindust sjónir að einstaklingnum og hvernig trúin birtist í lífi og afstöðu hvers og eins. Persónuleg sannfæring og rétt breytni var í öndvegi. Hugmyndin um hina ósýnilegu kirkju sem starfaði innan þeirrar sýnilegu, eða „kirkjurnar innan kirkjunnar“ (*ecclesiola in ecclesia*) var þar í öndvegi. Það var í raun hópur útvalinna sem hafðist við í guðlausum heimi. Upp úr jarðvegi píetismans uxu ýmis samtök og félög sem byggðu á kristnum gildum og leituðust við að sýna meiri trúrækni en ástunduð var almennt í samfélaginu.<sup>38</sup>

Ólíkt hinum dræmum viðtökum *Gíslapostillu*, féll *Vídalínspostilla* óðara í kramið hjá landsmönnum og höfundurinn var hafinn til skýjanna. Jón Vídalín var rómaður fyrir orðkyngi, þekkingu á Biblíunni og klassískum fræðum.<sup>39</sup> Það átti ekki aðeins við um samtímamenn. Í grein frá árinu 1920, á 200 ára ártíð Jóns, líkti Jón biskup Helgason nafna sínum við hinn þekhta ræðumann og kirkjuföður Jón Chrysostomus (349–407), „Gullinmunna“ og hann lýsti aðdáun sinni á því hversu vel lesinn Vídalín hefði verið í ritningunni. Predikanirnar væru uppfullar af tilvitnunum sem rynnu áreynslulaust úr sálu hans. Jón biskup Helgason (1866–1942) segir um Vídalín að hann hafi verið „íslenskasti kennimaður sem Ísland hefur átt.“<sup>40</sup>

*Vídalínspostilla* var viðfangsefni danska fræðimannsins Arne Møller (1876–1947) í ritinu *Jón Vídalín og hans postil* frá árinu 1929. Þar hafnaði Møller því að Jón hafi verið lærðastur manna hérlendis eða í nokkru öðru landi. Hann hafi fyrst og fremst verið snjall að nýta sér störf annarra en hvorki haft sjálfstæði til skapandi starfa né til vísindalegrar samantektar. Taldi hann Jón hafa sótt sér efni úr öðrum guðrækniritum og nefnir einkum 16. aldar ritið *Harmonia* og fyrrnefnda, *The Whole Duty of Man*. *Vídalínspostilla* hafði í raun engin séríslensk einkenni og þar megi greina sterk áhrif púritanisma þótt Møller hafni áhrifum heittrúnaðar.<sup>41</sup>

---

*einkanlega fyrir hina einföldu*, Jón Vídalín þýddi úr ensku, Hólum í Hjaltadal: 1744. Sjá, einnig Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 309–313.

<sup>38</sup> Skúli S. Ólafsson, „Jón Vídalín og hans postil“, *Traditioner och regioner. Luthersk påskpredikan i Norden 2*, ritstj. Sven Åke Selander og Christer Pahlmblad, Kaupmannahöfn: Nordisk ministerråd 2001, bls. 287–322, hér bls. 300–309.

<sup>39</sup> Jón Halldórsson, *Skálholtsbiskupar 1540–1801. Biskupasögur Jóns prófests Halldórssonar í Hítardal: Með viðbæti 1*, Jón Þorkelsson, Hannes Þorsteinsson ofl. tóku saman, Reykjavík: Sögufélag 1903–1910, bls. 370.

<sup>40</sup> Jón Helgason, *Jón Vídalín*, bls. 21–22.

<sup>41</sup> Arne M. Møller, *Jón Vídalín og hans postil*, bls. 296–303 og 362–383. Sjá einnig, Gunnar Kristjánsson, „*Vídalínspostilla* og höfundur hennar“, bls. li–liii.

Rannsókn Møllers hafði mikil áhrif og í kjölfar hennar ræða aðrir fræðimenn ekki um *Vidalínspostillu* án þess að vísa í niðurstöður hans. Í inngangi að útgáfu postillunnar frá árinu 1945 tekur séra Páll Þorleifsson á Skinnastað (1989–1974) undir sjónarmið Møllers og segir að greina megi kaldan boðskap Kalvíns að baki röddu hins lútherska Skálholtsbiskups.<sup>42</sup> Hér verður ekki tekið undir þá afstöðu að tónn *Vidalínspostillu* sé kaldur. Þvert á móti leggur höfundur út af textunum jafnan með það að leiðarljósi að áheyrendur láti kærleikann ráða för í lífi sínu. Þessi kærleikur byggir á hlýðni við þau boð Krists að elska náungann og þar leggur Vídalín fullan þunga í litríkt myndmál og sannfæringu. Hann ætlar boðskapnum bersýnilega að ná til hjartans og beitir þar öllum brögðum mælskufræðanna. Sterkar tilfinningar koma fram í hverri predikun og tónninn frábrugðinn þeim sem birtist í *Gíslapostillu*. Sú afstaða verður studd með dæmum hér í næsta kafla.

### Hvernig skal predika?

Nærtækt er að leita fanga í guðfræði píetismans þegar hugmyndakerfi *Vidalínspostillu* er fundinn staður. Þar er kristindómurinn túlkaður út frá þrengra sjónarhorni en áður hafði tíðkast og persónuleg afstaða og breytni fólks liggur þar til grundvallar. Í kjölfar þeirra kenninga voru meiri kröfur gerðar til þess sem predikaði. Fyrrum hafði markmið predikarans verið að uppfræða og túlka kenningar kirkjunnar. Philip Jacob Spener (1635–1705), upphafsmaður píetismans taldi á hinn bóginn að í stólræðum ættu prestar að leitast eftir því að fanga athygli áheyrenda. Þeir áttu að höfða til tilfinninga fólks og sannfæringar. Spener gagnrýndi ríkjandi aðferðir í rit sínu, *Pia Desideria* og hélt því fram að þar bæri formið innihaldið ofurliði. Hann sagði predikara ekki beina ræðum sínum til safnaðarmeðlima, heldur byggðu þeir ræður sínar upp með þeim hætti að allt orðalag sé venjulegu fólki framandlegt. Eingöngu hinir lærðu gætu meðtekið predikanirnar. Þarna var því skólaspekin ríkjandi og sú formfasta aðferð ástunduð sem einkenndi hana. Hann sagði að menntuð stétt guðfræðinga hefði í raun tekið sess klerka á miðöldum en almenningur mætt afgangi.<sup>43</sup>

Í samhengi klassískra predikunarfræða, eða *retoríkur*, má greina á milli þrenns konar

<sup>42</sup> Páll Þorleifsson, „Meistari Jón og postillan“, *Hússpostilla, eður einfaldar predikanir yfir öll hátíða og sunnudaga guðspjöll árið um kring*, Páll Þorleifsson og Björn Sigfússon bjuggu til prentunar, Reykjavík: Bókaútgáfa Kristjáns Friðrikssonar 1945, bls. ix–xxix.

<sup>43</sup> Sjá Philip Jacob Spener, „Pia Desideria, eller inderlig begjæring om Gud velbehagelig forbedring av den sanne evangeliske kirke, tillikemed noen herpå siktende kristelig forslag“, *Fra pietismens tid: Hovedverker av den kristne litteratur* 8, Oslo: Lutherstiftelsen 1969, bls. 11–84, hér bls. 84.

markmiða sem ræðumaður leitast við að ná. Aristóteles (384–322 f.Kr.) talar í því sambandi um *lógos*, *epos* og *papos*. Hið fyrstnefnda er sjálft efnið sem miðla á, í þessu tilviki er það ritningin og játningar kirkjunnar.<sup>44</sup> Í samhengi athugasemda Spencers má sjá hvernig rétttrúnaðurinn lagði mestan þunga á sjálft innihaldið, *logos*, og að það væri sundurgreint eftir viðteknum hefðum þess tíma. *Epos*, vísaði til persónu predikarans, og þess trúverðugleika sem hann hafði hjá áheyrendum lögðu til hans. Augljóslega var staða Gísla og Jóns ólík hvað þetta áhrærði. Gísli þótti njóta ættartengsla og óðara eftir að postilla hans kom út, tóku menn að væna hann um ritstuld. Jón Vídalín var á hinn bóginn mæður í hástert og tilvitnanirnar sem prýddu postilluna hafa gefið þá mynd af honum að hann væri einn lærðasti kennimaður á Íslandi. Loks er það *papos*, eða tilfinningarnar sem ræðan vekur. Þarna er það ekki innihaldið eða predikarinn sem liggur til grundvallar, heldur beinist athyglin að áheyrendunum sjálfum. Með því að höfða til tilfinninga þeirra, ræða það sem þeir óttast, laðast að, hafa andstyggð á eða telja eftirsóknarvert, getur snjall ræðumaður haft meiri áhrif og leitast við að kalla fram sterkari viðbrögð.<sup>45</sup>

Neðangreint dæmi er lýsandi fyrir þau stílbrogð sem Jón beitir til að halda athygli áheyrenda vakandi. Hann dregur upp lifandi mynd af auðmanninum og nirflinum í frásögn Jesú af ríka manninum og Lazarusi (Lúk. 16.19–31). Hér eru andstæður dregnar fram, guðrækni eða græðgi, og fordæmingin er borin fram af leiftrandi háði:

Ó, hvílik skelfileg harðýðgi varð þetta! Ekkert þufti þessi guðlausni kroppur að missa af sínu borði til að seðja þennan vesæling með, því hann girntist að seðjast af molum þeim er féllu þar af, ekkert af sínu pelli og purpura, þótt hann hefði kastað einni flík á hann (sem hans þrælur ekki vildu bera) til að hylja kaun sín með, en því var ei svo varið. Hundarnir voru miskunnsamari en hann. [...] Megi ég skemmta mér um hinn óskemmtilegasta hlut þá vildi ég segja að þessi dári hefði gjört víslega hefði hann tekið nokkuð af þessum dýra vefnaði með sér til helvítis. Hefði það mátt hlífa hönum fyrir loganum sem hann kvaldist í.<sup>46</sup>

Uppbygging þessa texta sýnir hvernig hann byggir upp ákveðna spennu. Fyrst lýsir hann fordæmingu á hegðun ríka mannsins og nefnir í sömu andrá þrælana og hundana, að Lazarusi

<sup>44</sup> Aristotle, *On Rhetoric: A Theory of Civic Discourse*, í enskri þýðingu Georges A. Kennedy, Oxford: Oxford University Press, 1991, bls. 13–15. Sjá einnig Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, *Íslensk stílfræði*, Reykjavík: Mál og menning 1994, bls. 14–15 og 36–58.

<sup>45</sup> Aristotle, *On Rhetoric*, bls. 112.

<sup>46</sup> Jón Þorkelsson Vídalín, *Vídalínspostilla*, bls. 541.

ógleymdum sem naut engrar miskunnar. Svo hæðist hann að hlutskipti hins ríka manns þegar hann hefur hlotið makleg málagjöld og skemmtir sér „við hinn óskemmtilegasta hlut“ um það að silkiklæðin hefðu mátt hlífa honum fyrir helvítisloganum sem hann kvaldist í. Það fer ekki á milli mála að þarna er talað af sannfæringu. Áheyrndur, sem flestir hafa átt meira sameiginlegt með Lazarusi en ríka manninum, kunna að finna fyrir ákveðinni samstöðu sem biskupinn lýsir í ádeilu sinni á hinn ríka mann. Um leið verður hver og einn að líta í eigin barm og spyrja sig að því hvernig framkoma hans sjálfs er við nauðstadda. Enginn vill enda á þeim stað sem ríki maðurinn var dæmdur til og lýst er með svo kraftmiklum hætti í textanum.

### Hljóðbækur á lærdómsöld

Mælskubrögð hafa mest áhrif ef texti er fluttur upphátt. Það er eðli ræðumennsku og þá fá stílbrögð aukið vægi, áherslur hans koma skýrar fram og meiru varðar hvernig efnið er unnið. Til þess að varpa skýrara ljósi á greinarmuninn á þessum tveimur postillum verða tekin nokkur dæmi úr þeim sem sýna ólíka framsetningu og efnistöð. Textabútar þessir sýna útleggingu höfundanna á nokkrum guðspjöllum. Til þess að varpa nokkru ljósi á efnistöð þeirra og afstöðu verður horft til þriggja þátta í þessum dæmum: Í fyrsta lagi verður skoðað hvaða afstöðu höfundur hefur til heimsins. Hver er sú kirkjusýn sem boðuð er og loks hver er mannskilningur hans?

#### *Fyrsti sunnudagur í aðventu*

Þegar þeir nálgudust Jerúsalem og komu til Betfage við Olíufjallið sendi Jesús tvo lærisveina og sagði við þá: „Farið í þorpið hér fram undan ykkur og jafnskjótt munuð þið finna ösnu bundna og fola hjá henni. Leysið þau og færið mér. Ef einhver hefur orð um, þá svarið: Drottinn þarf þeirra við, og mun hann jafnskjótt senda þau.“ Þetta varð svo að rættist það sem spámaðurinn sagði fyrir um: Segið dótturinni Síon: Konungur þinn kemur til þín, hógvær er hann og ríður asna, fola undan áburðargrip. Lærisveinarnir fóru og gerðu sem Jesús hafði boðið þeim, komu með ösnuna og folann og lögðu á þau klæði sín en Jesús steig á bak. Fjöldamargir breiddu klæði sín á veginn en aðrir hjuggu greinar af trjánum og lögðu á veginn. Og múgur sá sem á undan fór og eftir fylgdi hrópaði: „Hósanna syni Davíðs! Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins! Hósanna í hæstum hæðum!“ Þegar Jesús kom inn í Jerúsalem varð öll borgin í uppnámi og menn spurðu: „Hver er hann?“ Fólkið svaraði: „Það er spámaðurinn Jesús frá Nasaret í Galíleu.“ (Matt 21.1–11)

Í þessum texta kallast kirkjusýnin á við mannskilninginn. Sá atburður þegar Kristur heldur inn í borgina helgu, Jerúsalem, hefur löngum verið túlkaður sem stefnumót hans við hvern og einn einstakling sem játar trúna á Jesú. Um leið vaknar spurningin um það hver er hluti af þeim hópi sem myndar kirkjuna.

### Gíslapostilla:

Þar næst kemur þessi vor konungur til vor í þeim heilögu sacramentis. Fyrst skírnarinnar í hvörri vér fyrir hans náð og Heilagan anda kraft verðum endurfæddir og sverjum honum sem rétt er þegnar sínum kongi trú og hollustu.<sup>47</sup>

### Vídalínspostilla:

En gæt að því, kristinn maður að þessi konungur dýrðarinnar ríður hvörn dag inn til sinnar borgar, sem er kristileg kirkja og svo sem hann er einn andlegur konungur svo er og hans ríki andlegt því að vopn herfarar vorrar eru ekki líkamleg segir Paulus kraftur Guðs til að niðurbjóta girðingarnar.<sup>48</sup>

Gísli svarar því með vísan í sakramentinn. Hvort tveggja er í raun mjög í anda Lúthers sem boðaði að maðurinn væri einber þiggjandi í samskiptum sínum við guðdóminn.<sup>49</sup> Um leið verður stíllinn fræðandi og upplýsandi. Þótt Gíslapostilla hafi komið út rúmri öld eftir siðaskiptin lítur hann á það sem hlutverk sitt að útskýra í hverju hjálpræðið felst og tengja við náðarmeðulin. Sá skilningur er ekki ríkjandi hjá Jóni sem byrjar lýsingu sína á því að vara áheyrandann við: „Gæt að því kristinn maður“, og innreið Krists verður í raun að prófraun þar sem ekki er hægt að reiða sig á öryggi helgisíða og trúarkenninga. Hér er enginn óhultur og á hverjum degi þurfa kristnir menn að mæta þessum háska. Aftur er það áberandi hvernig stígandinn er í texta Jóns. Hann talar beint til þess sem á hlýðir og í framhaldi af því setur hann fram hugmyndir sínar um það hvernig líf kristins manns er stöðug prófraun. Textabrotinu lýkur með vísan í Pál postula þar sem öryggið og kyrrstaðan eru víðsfjarri, þess í stað eru girðingarnar þvert á móti brotnar niður.

### *Á jólanóttina*

<sup>47</sup> Gísli Þorláksson, *Hús postilla*, bls. A.1.

<sup>48</sup> Jón Þorkelsson Vídalín, *Vídalínspostilla*, bls. 18-19.

<sup>49</sup> Sjá t.d. Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Guðfræði Marteins Lúthers: Í ljósi túlkunar hans á Jóhannesarguðspjalli 1535–1540*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2000, bls. 319–336 og víðar.

En það bar til um þessar mundir að boð kom frá Ágústusi keisara, að skrásetja skyldi alla heimsbyggðina. Þetta var fyrsta skrásetningin og var gerð þá er Kýreníus var landstjóri á Sýrlandi. Fóru þá allir til að láta skrásetja sig, hver til sinnar borgar. Þá fór og Jósef úr Galíleu frá borginni Nasaret upp til Júdeu, til borgar Davíðs, sem heitir Betlehem, en hann var af ætt og kyni Davíðs, að láta skrásetja sig ásamt Maríu heitkonu sinni sem var þunguð. En meðan þau voru þar kom sá tími er hún skyldi verða léttari. Fæddi hún þá son sinn frumgetinn, vafði hann reifum og lagði hann í jötu af því að eigi var rúm fyrir þau í gistihúsi.

En í sömu byggð voru hirðar úti í haga og gættu um nóttina hjarðar sinnar. Og engill Drottins stóð hjá þeim og dýrð Drottins ljómaði kringum þá. Þeir urðu mjög hræddir en engillinn sagði við þá: „Verið óhræddir, því, sjá, ég boða yður mikinn fögnuð sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ungbarn reifað og liggjandi í jötu.“ Og í sömu svipan var með englinum fjöldi himneskra hersveita sem lofuðu Guð og sögðu: Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu og velþóknun Guðs yfir mönnum. (Lk. 2.1–14)

Guðspjallið á aðfangadagskvöld býður heim túlkun á holdtekningunni, þegar Guð gerðist maður. Þetta er jafnframt hin hátíðin þar sem hið forgengilega fær hlutdeild í eilífðinni. Orð engilsins: „Verið óhræddir“, gefa til kynna upphaf fagnaðarerindisins og ef predikari nýtir þennan texta til að flytja lögmálspredikun er það sterk vísbending um hvar hugur hans stendur.

### Gíslapostilla:

Já hann hefur samtengt náttúru vora mannanna við sína guðdómlegu náttúru svo að vorri náttúru stendur því lík blessan af þessari samtengingu að þar hún var áður vegna syndarinnar spott, hrak og svo sem fótiskör þeirra helvítsku ára þar er hún nú aftur á móti svo dýrmæt orðin að allir heilagir englar tilbiðja hana nú á himnum í herrans Christi persónu. Gleðileg og huggunarsamleg umskipti eru þetta.<sup>50</sup>

### Vídalinspostilla:

<sup>50</sup> Gísli Þorláksson, *Hús postilla*, bls. E.5.

Guð er að sönnu frelsari allra manna því hans sonur hefur fyrir alla liðið, þó einna mest trúaðra því þeir einir mega frelsisins njóta sem trúá á nafn eingetins sonar Guðs. Gef því ekki upp á vegi þinnar sálhjálpur fyrr en að heilagur andi ber vitni þínum anda þar um að þú sért Guðs barn. En hvörninn máttu það öðlast? Það skeður ef þú gjörir öngva sátt við hans óvini.<sup>51</sup>

Sá reginmunur er á þessum tveimur tilvitnunum að í huga Gísla er sigurinn í höfn en boðskapur Vídalíns er sá að átökin standa enn yfir. Í fyrra tilvikinu býður predikarinn þar með upp á skýringar á því hvað felst í holdtekningunni. Syndin ræður ekki lengur yfir lífi mannsins því raust engilsins yfirgnæfir allan ótta. Þau umskipti sem hafa orðið frá því að mannkynið lá í villu sinni yfir til þess að fá hlutdeild í eilífðinni, leiða af sér bæði gleði og huggun. Þótt Jón taki undir þann hjálpræðisboðskap sem jólonum tengist, þá má greina hversu einbeittur hann er í þeirri viðleitni að veita fólki ekki falskt öryggi. Já, Kristur er frelsari allra manna, en hugmyndin um hinn litla hóp sannkristinna er svo sterk að predikarinn þrengir hópinn enn frekar. Það eru mest hinir trúðu og heilagur andi er kallaður til vitnis um það hjartalag fólks. Að lokum er það hin siðferðislega krafa sem stendur upp úr. Hér má sjá hin sígildu mælskubrögð með *retorískum* spurningum og stigmögnun sem Jón bregður svo gjarnan fyrir sig. Útgangspunkturinn er jafnan breytning hins kristna manns og þær ógnir sem að mönnum steðja. Sá boðskapur kemst jafnvel til skila í tengslum við jólahátíðina sem lýsir vel staðfestu predikarans hvað þessi mál varðar.

*Fjórði sunnudagur eftir þrettándann:*

Nú fór Jesús í bátinn og lærisveinar hans fylgdu honum. Þá gerði svo mikið veður á vatninu að bylgjurnar gengu yfir bátinn. En Jesús svaf. Þeir fara til, vekja hann og segja: „Drottinn, bjarga okkur, við förumst.“ Hann sagði við þá: „Hví eruð þið hræddir, þið trúlitlir?“ Síðan reis hann upp, hastaði á vindinn og vatnið og varð stillilogn. Mennirnir undruðust og sögðu: „Hvílíkur maður er þetta? Jafnvel vindar og vatn hlýða honum.“ (Mt. 8.23–27)

Hér er unnið með sígilt biblíulegt stef, sem er báturinn, tákn fyrir kirkjuna og þá sem henni tilheyrir. Um leið má fjalla um skilin á milli kirkju og heims. Báturinn er aðgreindur frá öldunum og áhöfn hans er hólpin andstætt þeim sem tilheyrir heiminum.

<sup>51</sup> Jón Þorkelsson Vídalín, *Vídalínspostilla*, bls. 65.

Gíslapostilla:

Hér er stýrimaðurinn sem leiðir úr hættu og hvörjum vanda. Það er Drottinn vor Jesús Christus. Hér eru róðramennirnir sem eru trúlyndir, góðir og guðhræddir Guðs orðs þénarar hvörjir kenna eiga veg og götu Drottins til eilífs lífs. En flutningsmennirnir eður pílágímarnir sem á þessu herrans skipi sigla vilja eru rétttrúuð Guðs börn.<sup>52</sup>

Vídalínspostilla:

Mitt á meðal þessarar hrekkvísu kynslóðar verður hinn litli hópur Christí að búa og mæta aðskiljanlegum árásum og hneykslunum svo að í villu mætti leiðast ef ske kynni, jafnvel útvaldir.<sup>53</sup>

Gísli uppfærðir lesendurna um hvað það feli í sér að vera hluti af kirkjunni, það var annars vegar þjónarnir, væntanlega þá prestarnir og svo hins vegar hinir rétttrúuðu sem áttu þar heima. Hér er það skírinn sem skiptir máli auk þess sem prestastéttin er sérstaklega tilgreind. Hvort tveggja í raun passívt réttlæti og sem slíkt í anda guðfræði Lúthers sem kenndi að náðin ein réttlætti manninn. Hið almenna er ríkjandi og ekki er rætt sérstaklega um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem manna bátinn. Sjá má ólíkan tón hjá Jóni Vídalín. Í hans útleggingu er ekkert jafnaðarmerki að finna á milli kristinnar kirkju og þeirra sem tilheyra þeirri stofnun þar sem hann gegndi embætti biskups. Heimurinn var með hans orðum fallinn og fordæmdur. „Kynslóðin er hrekkvís“, sem merkir í raun að fólk gengur almennt ekki á Guðs vegum, jafnvel þótt það sé skírt til kristinnar trúar. Það er til skarpar aðgreiningar frá hinum litla hópi sem raunverulega myndar kirkjuna. Hér má sjá fyrrnefnt stef um hina ósýnilegu kirkju er starfar innan hinnar sýnilegu – og heittrúaðir vísuðu gjarnan til. Þá verður þessi fámenni hópur fyrir endurteknum árásum og freistingum sem reyna á staðfestu hans og úthald. Allt miðar að því að því að draga fram sem skörpust skil á milli hinna útvöldu og þeirra sem ekki eru hólpnir. Andstætt þeirri friðsælu mynd sem Gísli dregur upp af kirkjunni er kirkjusýn Jóns full af átökum og helgast það um leið af þeirri díalektísku heimsmynd sem guðfræði hans byggir á. Þrátt fyrir að í guðspjallstextanum sé óttaleysið útgangspunkturinn miðar ávarp Vídalíns að viðvörunarorðum til kristinna manna.

*Fyrsti sunnudagur í föstu*

<sup>52</sup> Gísli Þorláksson, *Hús postilla*, bls. Z.3.

<sup>53</sup> Jón Þorkelsson Vídalín, *Vídalínspostilla*, bls. 183.



Þá leiddi andinn Jesús út í óbyggðina til þess að djöfullinn gæti freistað hans. Þar fastaði Jesús fjörutíu daga og fjörutíu nætur og var þá orðinn hungraður. Þá kom djöfullinn og sagði við hann: „Ef þú ert sonur Guðs þá bjóð þú að steinar þessir verði að brauðum.“ Jesús svaraði: „Ritað er: Eigi lifir maðurinn á einu saman brauði heldur á hverju því orði sem fram gengur af Guðs munni.“ Þá tekur djöfullinn Jesús með sér í borgina helgu, setur hann á brún musterisins og segir við hann: „Ef þú ert sonur Guðs þá kasta þér ofan því að ritað er: Hann mun fela þig englum sínum og þeir munu bera þig á höndum sér að þú steytir ekki fót þinn við steini.“ Jesús svaraði honum: „Aftur er ritað: Þú skalt ekki freista Drottins, Guðs þíns.“ Enn tekur djöfullinn hann með sér upp á ofurhátt fjall, sýnir honum öll ríki heims og dýrð þeirra og segir: „Allt þetta mun ég gefa þér ef þú fellur fram og tilbiður mig.“ En Jesús sagði við hann: „Vík brott, Satan! Ritað er: Drottin, Guð þinn, skalt þú tilbiðja og þjóna honum einum.“ Þá fór djöfullinn frá Jesús. Og englar komu og þjónuðu honum. (Matt 4.1–11)

Lýsingin á því þegar Jesús dvaldi í eyðimörkinni býður upp á útleggingu á því hvaða ákvarðanir fólk eigi að taka á raunastundum. Hér má vinna með freistingar, föstur, staðfestu og það hlutverk sem hið illa hefur í lífi kristins manns. Þar má og nefna þætti sem deilt var um á siðaskiptatímanum um frelsi einstaklingsins til að taka þær ákvarðanir í lífi sínu sem mestu varða.

### Gíslapostilla:

Viðvörðun höfum oss ekki sjálfkrafa eður af vorum eigin dárlegheitum fram í freistingar eður til stríðs við djöfulinn, heldur skulum vér bíða þangað til að sjálfur Guðs andi leiðir oss út í eyðimörkina það er leggur oss kross og freistingar uppá. Svo þurfum vér ekki að tvívla að sami Guðs andi sem hefur leitt oss til þessa stríðsins hann mun og svo standa með oss og styrkja oss.<sup>54</sup>

### Vidalínspostilla:

Þegar Jesús hungraði talar Satan um brauð því hann vissi það var það helsta sem hann mætti gangast fyrir. Þessa slægsmuni hefur hold og blóð af sínum meistara lært. Það sem hvör er gefinn fyrir, þar um þenkir hann oftast. Það sem einhver við þarf, það brúkar Satan til að lokka manninn

<sup>54</sup> Gísli Þorláksson, *Hús postilla*, bls. J.3.

til vondra verka. Og svo sem einn klókur veiðimaður, hann leggur það agn sem dýrið sem hann veit því lostugast þykir og þá þegar hann hyggur það hafa mesta eftirlöngun svo fiskar og Satan með þörfinni og kryddar agnið með vellystingum.<sup>55</sup>

Útgangspunkturinn í útlekkingu Gísla á þessum orðum er sá að veita áheyrendum þá fullvissu að þeir séu öruggir. Jafnvel þótt hér sé fjallað um freistingar og nærtækt að leiða talið að siðferðislegum þáttum þá má sjá að höfundur setur það ekki fram án þess að huggunin sé þar allt um lykjandi. Þá er hann trúr hinni lúthersku guðfræði og lætur krossinn og freistingarnar vera verk Guðs sem leggur þær á okkur. Þar með verður hin díalektíska heimsmýnd ekki ráðandi, sem hefði stangast á við þær hugmyndir. Heimurinn er fallinn og þegar bölið sækir að, er það þegar Guð snýr baki í manninn (*Deus absconditus*). Jón Vídalín leitar á hinn bóginn fanga í tvíhyggju anda og efnis. Næringin er hluti af freistingum holdsins og meistari þess er hinn illi sjálfur. Satan er hér ljóslifandi og það er hann sem tælir manni út af hinni beinu braut. Freistingarnar sem mæta mannum eru því eins og agn sem slyngur veiðimaður leggur fyrir bráð sína. Um leið og bitið er á agnið er sálin komin í hendur hins illa. Lystisemdir lífsins eru svo ekki annað en krydd sem gerir beituna girnilegri. Hér þarf ekki að undra að siðferðislegur boðskapur er í forgrunni og allt snýst um rétta breytni og það líf sem börnum Guðs er samboðið. Sem fyrr er heimurinn átakavettvangur góðs og illis og það er hlutskipti mannsins að velja góða kostinn í hvívetna.

### Lokaorð

Í þessari grein hafa tvö rit, sömu gerðar, verið borin saman og leitað svara við því hvers vegna viðtökur þeirra voru jafn ólíkar og raun bar vitni. Vissulega þarf ekki að leita langt yfir skammt. Efnistösk höfunda eru afar ólík sem skýrist að nokkru leyti af ólíkum guðfræðistefnum. Annars vegar má greina þá afstöðu sem mótar skrif Gísla, að kristnir menn séu íbúar í samfélagi konungs og þurfi öðru fremur að þekkja í hverju trúargreinarnar felast. Hins vegar er það sú hugmynd, sem Jón Vídalín byggir á, að samfélagið sé í raun guðlaust og aðeins lítill hópur innan þess geti talið sig til kristinna manna. Það eru þeir sem hafa endurfæðst og lifa hvern dag í baráttu við tortímandi öfl hins illa sem vill leiða þá af réttri braut. Predikanir Gísla eru passívar og miða að

---

<sup>55</sup> Jón Þorkelsson Vídalín, *Vídalínspostilla*, bls. 256–257.

því að viðhalda óbreyttu ástandi og festa fólk í sessi sem kristna þegna konungs. Erindi Jóns er á hinn bóginn dýnamískt og er ætlað að koma á nýju ástandi í huga og hjarta þeirra sem á hlýða.

Um leið og markmið predikarans snýr að því að breyta áheyrandanum, fá hann til að haga lífi sínu með öðrum hætti, skoða heiminn í nýju ljósi og gefa sig allan að þeirri köllun sem hann á að fylgja, verður krafan um mælsku og trúverðugleika mun meiri. Það sést vel á því hvernig Jón Vídalín byggir upp textann. Bæði vísar hann óspart í heimildir frá klassískum tíma sem hefur leitt til þess að fólk bar mikið traust til þekkingar hans og kunnáttu. *Epos* höfundar verður því mjög sterkt sem ryður brautina fyrir hinn stranga boðskap. Að sama skapi höfðar hann óspart til tilfinninga áheyrenda, skapar samstöðu gagnvart hinum illa þokkuðu en vísar óspart til þess sem fólkið óttast. Hann nýtir með öðrum orðum mjög það sem Aristóteles kallaði *pápos*.

Valkosturinn verður að lifa því lífi sem hann telur sæmandi og eru kröfurnar í þeim efnum miklu mun meiri en fram koma í predikunum Gísla.

Þessar „hljóðbækur“ frá lærdómsöld hafa því, ef marka má ummælin, fallið í ólíkan jarðveg. Texti þeirra var ennfremur hugsaður til upplesturs. Viðbrögðin hafa því verið ólík eftir því hvort höfundur hugði að uppfærðslu fólksins í baðstofunni og vildi kynna fyrir því játningar þeirrar kirkjudeildar sem það var hluti af, eða hvort predikarinn gerði sitt til að hræra í tilfinningum og kalla áheyrendur til trúarlegs afturhvarfs.

## Heimildaskrá

[Án höf.] *Skylda mannsins við Guð, sjálfan sig, og Náungann: Augljóslega og skilmerkilega framsett fyrir alla, En þó einkanlega fyrir hina einföldu*, Jón Vídalín þýddi úr ensku, Hólum í Hjaltadal: 1744.

Amundsen, Arne Brugge, „Konstruktion av minne og identitet: Kirkehuset som arena 1500–1800“, *Mellem Gud og Djævelen: Religiøse og magiske verdensbilleder i Norden 1500–1800*, ritstj. Hanne Sanders, Kaupmannahöfn: Nordisk Ministerråd 2001, bls. 41–56.

Aristotle, *On Rhetoric: A Theory of Civic Discourse*, í enskri þýðingu Georges A. Kennedy, Oxford: Oxford University Press, 1991, bls. I.1.13–15.

Baldur Jónsson, „Guðspjöll og pistlar í Vídalínspostillu“, *Afmælisrit til dr. phil. Steingríms J. Þorsteinssonar prófessors*, 2. júlí 1971, Reykjavík: Leiftur, bls. 28–41.

Björn Þorleifsson, „Til lesarans“, *Húspostilla: Það er skýr og einföld útpýðing yfir öll sunnudaga og hátíða evangelia sem árið um kring kennd og predikuð verða í kristilegri kirkju. Í hverri framsetjast lærdómar, hugganir og áminningar út af sérhverju guðspjalli, Guði eilífum fyrst og fremst til æru, dýrðar og vegsemdar en góðum og frómum Guðs börnum hér í landi sem hana iðka vilja til sálargagns og nytsemdar. Fyrri parturinn: frá aðventu til trinitatis sunnudags*, Hólum í Hjaltadal: 1706.

*Biblían: Heilög ritning. Gamla testamentið ásamt Apókrýfu bókunum. Nýja testamentið*, Reykjavík: Hið íslenska Biblíufélag/JPV útgáfa, 2007.

Brecht, Martin, „Pietismus“, *Theologische Realenzyklopädie XXVII*, Berlin & New York: De Gruyter 2003, bls. 898–899.

Böðvar Guðmundsson, „Nýir siðir og nýir lærdómar – bókmenntir 1550–1750“, *Íslensk bókmenntasaga 2*, ritstj. Vésteinn Ólason, Reykjavík: Mál og menning 1993, bls. 379–521.

Corvinus, Antonius, *Kristileg handbók og lítið sálmakver: Postilla. Stuttar útskýringar þeirra Guðspjalla sem á öllum sunnudögum kringum árið predikuð verða. Samsettar fyrir fátæka sóknarpresta og húsbændur*, Rostock: 1546.

*Deutsche Biographie* tekið af vef: <https://www.deutsche-biographie.de/sfz93738.html>.

Einar Sigurbjörnsson, *Kirkjan játar: Saga og mótun kristinna trúarjátninga og yfirlit yfir helstu kirkjudeildir kristninnar. Játningarrit íslensku þjóðkirkjunnar með skýringum*, Reykjavík: Skálholt 1991.

Frymire, John M., *The Primary of the Postils: Catholics, Protestants and the Dissemination of Ideas in Early Modern Germany*, Leiden og Boston: Brill 2009.

Gísli Þorláksson, „Til lesarans“, *Hús postilla: Það er skýr og einföld útlekking yfir öll sunnudaga og hátíða guðspjöll sem frá aðventu sunnudegi til sunnudagsins fyrsta í föstu plaga árlega að útleggjast og framsetjast. Góðum, guðhræddum mönnum til gangs og þénustu*, Hólum í Hjaltadal: 1665–1667, bls. A.2.

Guðbrandur Þorláksson, *Ein ný húspostilla: Það er guðspjöll og pistlar árið um kring, með stuttu innihaldi og lítilli orða útlekkingu fyrir ungdóminn og almúgafólk með nokkrum kristilegum bænum af hverju Guðspjalli. Saman tekið og lesið úr lærðra manna bókum og postillum*, Hólar í Hjaltadal 1597.

Guðrún Harðardóttir, „Innanbúnaður kirkna á fyrstu öldum eftir siðaskipti“, *Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2017, bls. 195–214.

Gunnar Kristjánsson, „Inngangur“, *Vídalínspostilla: Húspostilla eður einfaldar predikanir yfir öll hátíða- og sunnudagaguðspjöll árið um kring*, Gunnar Kristjánsson og Mördur Árnason

bjuggu til prentunar, Reykjavík: Mál og menning, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1995, bls. xiii–c.

Hjalti Hugason „Kristnir trúarhættir“, *Trúarhættir. Íslensk þjóðmenning* 5, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík: Þjóðsaga 1988, bls. 75–339.

Hjalti Hugason, „Einveldið og biskupar á dögum Brynjólfs Sveinssonar“, *Brynjólfur biskup: kirkjuhöfðingi, fræðimaður og skáld: Safn ritgerða í tilefni af 400 ára afmæli Brynjólfs Sveinssonar 14. september 2005*, ritstj. Jón Pálsson, Sigurður Pétursson og Torfi H. Tulinius, Reykjavík: Háskólaútgáfan 2006, bls. 161–180.

Hoffmann, Georg, „Protestantischer Barock: Erwägungen zur geschichtlichen und theologischen Einordnung der lutherischen Othodoxie“, *Kerygma und Dogma* 36/1990, bls. 156–178.

Jón Halldórsson, *Hólabiskupar 1550–1798. Biskupasögur Jóns prófasts Halldórssonar í Hítardal: Með viðbæti 2*, Jón Þorkelsson, Hannes Þorsteinsson ofl. tóku saman, Reykjavík: Sögufélag 1911–1915.

Jón Halldórsson, *Skálholtsbiskupar 1540–1801. Biskupasögur Jóns prófasts Halldórssonar í Hítardal: Með viðbæti 1*, Jón Þorkelsson, Hannes Þorsteinsson ofl. tóku saman, Reykjavík: Sögufélag 1903–1910.

Jón Helgason, *Íslands kirke fra reformationen til vore dage: En historisk fremstilling*, Kaupmannahöfn: Gad 1922.

Jón Helgason, *Jón Vídalín – Im memoriam ducentenariam – 1666–1720–1920: Synóðus erindi eftir dr. theol. Jón Helgason biskup*, Sérprent úr Prestafélagsritinu, Reykjavík: s.n. 1920.

Jón Þorkelsson Vídalín, *Vídalínspostilla: Hússpostilla eður einfaldar predikanir yfir öll hátíða- og sunnudagaguðspjöll árið um kring*, Gunnar Kristjánsson og Mörður Árnason sáu um útgáfuna, Reykjavík: Mál og menning/Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands 1995.

Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar. Kristni á Íslandi 3*, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi 2000.

*Lovsamling for Island XVI: Indeholdende Udvalg af de vigtigste ældre og nyere Love og Anordninger, Resolutioner, Instruktioner og Reglementer, Althingsdomme og Vedtægter, Kollegial-Breve, Fundatser og Gavebreve, samt andre Aktstykker til Oplysning om Islands Retsforhold og Administration i ældre og nyere Tider*, Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson tóku saman, Kaupmannahöfn: Hilmar Stephensen og Ólafur Halldórsson 1855–1856.

Lúther, Marteinn, „Greinarnar 95: 1517“, *Marteinn Lúther: Úrval rita 1*. Gunnar Kristjánsson þýddi og bjó til útgáfu, Reykjavík: Skálholtsútgáfan 2017, bls. 33–41.

Magnús Gíslason, *Kvällsvaka: En isländsk kulturtradition belyst genom studier i bondebefolkningens vardagsliv och miljö under senare hälften av 1800-talet och början av 1900-talet*, Uppsalar og Stokkhólmur: Uppsala universitet/Almqvist & Wiksell.

Matthias, Markus, „Orthodoxie I. Lutherische Orthodoxie“, *Theologische Realenzyklopädie* XXV, Berlin & New York: De Gruyter 2001, bls. 466.

Møller, Arne M., *Jón Vídalín og hans postil*, Odense: Hempelske boghandel 1929.

Pangratió, Andres, *Postilla: Það er einföld, skýr og stutt útlekking yfir þau evangelia sem venjulega kennd verða í kirkjusöfnuðinum á sérhverjum Drottins degi og öðrum löghelgum árið í kring*, Guðbrandur Þorláksson þýddi, Hólum í Hjaltadal 1632.

Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár: Frá landnámstímum til ársloka 1940*. 3, Reykjavík 1950, Hið íslenska bókmenntafélag, bls. 296.

Glebe-Møller, Jens, „Det teologiske fakultet 1597–1732“, *Det teologiske fakultet. Københavns Universitet 1479–1979* 5, ritstj. Leif Grane, Kaupmannahöfn: Københavns Universitet/Gad 1980, bls. 93–212.

Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948–1976.

Páll Eggert Ólason, *Seytjándi öld. Saga Íslendinga 5*, Reykjavík: Menntamálaráð og Þjóðvinafélag 1942.

Páll Þorleifsson, „Meistari Jón og postillan“, *Hússpostilla, eður einfaldar predikanir yfir öll hátíða og sunnudaga guðspjöll árið um kring*, Páll Þorleifsson og Björn Sigfússon bjuggu til prentunar, Reykjavík: Bókaútgáfa Kristjáns Friðrikssonar 1945, bls. ix–xxix.

Skúli S. Ólafsson, „Jón Vídalín og hans postil“, *Traditioner och regioner. Luthersk påskpredikan i Norden 2*, ritstj. Sven Åke Selander og Christer Pahlmblad, Kaupmannahöfn: Nordisk ministerråd 2001, bls. 287–322.

Skúli S. Ólafsson, „Påskpredikan i Island fra reformation til pietisme“, *Från reformation till nutid. Luthersk påskpredikan i Norden. 1*, ritstj. Sven-Åke Selander, Kaupmannahöfn: Nordisk Ministerråd 2001, bls. 265–288.

Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, „elska Guð og biðja“: *Guðræknibókmenntir á Íslandi á lærdómsöld*, Reykjavík: Flateyjarútgáfan 2015.

Spener, Philip Jacob, „Pia Desideria, eller inderlig begjæring om Gud velbehagelig forbedring av den sanne evangeliske kirke, tillikemed noen herpå siktende kristelig forslag“, *Fra pietismens tid: Hovedverker av den kristne litteratur* 8, Oslo: Lutherstiftelsen 1969, bls. 11–84.

Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, *Íslensk stílfræði*, Reykjavík: Mál og menning 1994.

Þórunn Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, *Til móts við nútímann. Kristni á Íslandi* 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi 2000, bls. 9–195.